



Áfangalýsing ML

Titill:	Menningarsaga
Námsgrein:	Saga
Viðfangsefni:	Menningarsaga
Skammstöfun:	SAGA3MM05
Þrep:	3
Einingafjöldi:	5
Lýsing:	Menningar- og listasaga með áherslu á uppruna og þróun vestrænnar menningar. Fjallað um menningu fornaldar frá tímum Forngríkkja og Rómverja, upphaf og þróun kristinnar menningar á miðöldum og áhersla lögð á tengsl þeirra við menningu nútímans. Helstu birtingarform listar og menningar gerð skil, einkum myndlistar, byggingalistar og tónlistar. Áhersla er lögð á ólíka þætti menningar í daglegu lífi einstaklinga og samspil menningar, trúarbragða, umhverfis og þjóðfélagsgerðar.
Forkröfur:	SAGA2FR05 og SAGA2MN05
Þekkingarviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: <ul style="list-style-type: none">• aðgreiningu menningarhugtaksins í hlutlæga og huglæga menningu• aðgreiningu í leifar og frásagnir• helstu forsendum borgarmenningar• ólíkum sviðum menningar og tengsl þeirra við upphaf sitt• framlagi ólíkra menningarheilda til nútímamenningar• menningarframlagi ólíkra menningarsvæða
Leikniviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: <ul style="list-style-type: none">• leggja gagnrýnið mat á menningarhugtakið og hugtök því tengd, svo sem svokallað lág- og hámenningu• leita heimilda varðandi ólíkar menningarheildir• meta fjarlæg og nálæg samfélög með menningarlegum samanburði• afla upplýsinga, greina þær og setja í fræðilegt samhengi• meta menningarframlag ólíkra menningarsvæða til skilnings á nútímasamfélagi• nýta fræðilegan texta á íslensku og erlendu tungumáli• miðla skýrt og skilmerkilega fræðilegu efni í ræðu og riti



Hæfniviðmið:	<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none">• bera saman ólíkar menningarheildir• yfirfæra þekkingu sína á einu sviði yfir á annað• meta menningarframlag ólíkra menningarsvæða á hlutlægan hátt• álykta út frá einu sviði menningar yfir á annað án þess að fá bein fyrirmæli um hvernig það skuli gert
Námsmat	Tilgreint í kennsluáætlun.